



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/779
komudagur 20.1.2004

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 14. janúar 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjóntækjafræðinga, 340. mál.

Stjórn Læknafélag Íslands hefur undir höndum umsögn Augnlæknafélags Íslands til yðar, dags. 11. þ.m. Stjórnin styður þau sjónarmið, sem þar koma fram.

Jafnframt vill stjórnin leggja fram yfirlýsingu sína frá 10. febrúar fyrra árs um sama efni.

Virðingarfyllt
f.h. Læknafélags Íslands,

Sigurbjörn Sveinsson,
formaður



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Landlæknir,
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
Augnlæknafélag Íslands,
Félag sjóntækjafræðinga.

Kópavogi 10. febrúar, 2003.

Yfirlýsing frá stjórn Læknafélags Íslands.

“Stjórn Læknafélags Íslands vill vekja athygli heilbrigðisyfirvalda á því, að Íslendingar búa við betri augnheilsu en nágrannaþjóðir bæði skv. íslenskum og erlendum rannsóknum. Algengi ógreindra augnsjúkdóma er lægra á Íslandi en annars staðar. Nýgengi sjúkdómanna er hins vegar svipað og með öðrum þjóðum. Góð staða okkar í þessum efnum verður ekki slitin frá augnlækningum og því umhverfi, sem augnlæknum er búið. Allar ráðstafanir, sem kunna að breyta þessari stöðu, þarfnast ítarlegrar umhugsunar og fyrirbyggju. Ákvarðanir, sem leiða til færri læknisskoðana á augum Íslendinga, falla þar undir.

Stjórn Læknafélags Íslands hvetur sjóntækjafræðinga til að fara að gildandi lögum. Stjórnin krefst þess, að heilbrigðisyfirvöld sinni eftirlitsskyldu sinni gagnvart sjóntækjafræðingum og geri til þeirra sömu kröfur og þau gera til annarra heilbrigðisstétta um að fara að lögum, sem um þær gilda.

Stjórn Læknafélags Íslands vill gjarnan taka þátt í umræðu um nauðsyn lagabreytinga, en við undirbúning þeirra verður að fara að leikreglum en ekki með yfirgangi og lögbrotum.”

f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Sigurbjörn Sveinsson,
formaður.

Afrit: Fjölmiðlar.

Heilbryggðis- og trygginganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10, Rvk.

Reykjavík 11.01. 2004

Beðið er um umsögn Augnlæknafélags Íslands um frumvarp til laga um sjóntækjafræðinga.
340. mál, sjónmælingar og sala tækja.

Almennt:

Augnlæknafélag Íslands vill meina að stórt skref afturábak verður stigið, hvað varðar augnheilsu landsmanna, ef fyrirhuguð breyting á starfssviði sjóntækjafræðinga nær fram að ganga. Núverandi kerfi, þar sem unnið er eftir lögum nr. 17/1984, er eitt það besta og skilvirkasta sem til er í heiminum í dag hvað varðar eftirlit með augnheilsu almennings. Ef til kemur að lögum verði breytt að kröfum sjóntækjafræðinga þá verður að reikna með því að einhver fórnarkostnaður verði á augnheilsu landsmanna. Tíðni glákublindu á eftir að aukast, þar sem gláka mun greinast mun seinna en ella. Sama er að segja um marga aðra sjúkdóma eins og sykursýki, hækkaðan blóðþrýsting, skjaldkirtilssjúkdóma m.m. Oft eru augnlæknar fyrstir lækna til að greina þessa sjúkdóma hjá almenningi.

Við þessa breytingu má ætla að aukinn kostnaður lenda á almenningi, fleiri ónauðsynleg gleraugu verða seld.

Einstakar greinar:

1. gr. Það er mjög mikilvægt að gætt sé að kröfum um menntun sjóntækjafræðinga, og þær hertar, þar sem þeir öðlast nokkuð víðtækan rétt til sjónmælinga samkvæmt þessu frumvarpi. Strangar takmarkanir verða að vera fyrir þá hópa sem sjóntækjafræðingar meiga sjónmæla. Viðurlög þurfa að vera skýr ef takmarkanir þessar verða brotnar af sjóntækjafræðingum.

2. gr. Í kaflanum “Athugasemdir við lagafrumvarp þetta” þar segir: “Sjóntækjafræðingar hafa lagt áherslu á að ná fram breytingum á fyrrgreindu ákvæði í því skyni að einkaréttur augnlækna til sjónmælinga verði afdnuminn.”

Hér er rétt að minna á að lög nr. 17/1984 voru sett til að vernda augnheilsu landsmanna en ekki sett til að gefa augnlæknum e.h. einkarétt á sjónmælingum.

Í lok kaflans er rætt um menntunarkröfur sjóntækjafræðinga og vísað til nágrennalanda okkar. All nokkuð misræmi er á menntun sjóntækjafræðinga í nágrennalöndum okkar. Mikilvægt er að menntunarkröfur sjóntækjafræðinga á Íslandi verði miklar, þannig að það skref afturábak sem verður stigið við þessa breytingu hvað varðar augnheilsu landsmann, verði sem minnst.

Virðingafyllt

Kristján Þórðarson, augnl.
formaður Augnlæknafélags Íslands

Fylgiskjal I.
Landlæknisembættið.

Í “Inngangi” greinargerðar segir : Sjóntækjafræðingar hafa aftur á móti lagt áherslu á að ná fram breytingum á fyrrgreindum lögum (nr. 17/1984) með það fyrir augum að einkaréttur augnlækna til sjónmælinga verði afnuminn og sjóntækjafræðingar öðlist þennan rétt líka.

Hér er rétt að minna á að lögin nr. 17/1984 voru sett til að vernda augnheilsu landsmanna en ekki sett til að gefa augnlæknum e.h. einkarétt á sjónmælingum.

Í greinargerð Daggar Pálsdóttur hrl. bls. 4, kemur fram að sjóntækjafræðingar telji það fráleitt að sjónmælingar í þeirra höndum, með ákveðinni takmörkunum, stefni augnheilsu landsmanna í voða, enda telja þeir engin gögn hafi verið lögð fram um það.

Lagðar hafa verið fram all nokkrar kærur og tilkynningar til landlæknisembættisins um skaða á hornhimnum eftir snertilinsumátun sjóntækjafræðinga og seinkun á glákugreiningu vegna ólöglegra gleraugnamælinga sjóntækjafræðinga. Rannsóknir hér sína (sjá Rvk. eye study) að glákublinda og tíðni ógreindrar gláku er mun lægri hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Það má þakka því skilvirka kerfi sem við búum við í dag.

Í greinargerð Daggar Pálsdóttur hrl. bls. 4, segir : Þeir (sjóntækjafræðingar) hafa lýst yfir einlægum vilja til að standa saman að því ásamt öðrum heilbrigðisstéttum að bæta sjónheilsu landsmanna.

Rétt þykir að minna á að núverandi lög nr. 17/1984, gera það að verkum að allir landsmenn fara til augnlæknis ef eitthvað bjatar á með þeirra sjón eða einhver óþægindi eru frá augum. Þetta núverandi kerfi er því eitt það besta og skilvirkasta sem til er í heiminum í dag hvað varðar eftirlit með augnheilsu almennings. Ef til kemur að breyta verði lögum að kröfum sjóntækjafræðinga þá verður að reikna með því að einhver fjárnarkostnaður verði hvað varðar augnheilsu landsmanna.

Í greinargerð Daggar Pálsdóttur hrl. bls. 5, segir : “Rannsóknir hafa sýnt að sjóntækjafræðingar vísi sjúklingum sínum með sama öryggi og heimilislæknar”.

Hvaða rannsókn er hér vitnað í? Afar ólíklegt þykir að 240 tíma bóklegt og verklegt nám sjóntækjafræðings sé sambærilegt og læknisfræðimenntun heilsugæslulæknis til að greina og meta augnsjúkdóma almennings.

Í “Samantekt” segir : Vissir sjóntækjafræðingar á Íslandi hafa í mörg ár mælt fyrir snertilinsum og er því haldið fram að það hafi þeir gert óáreittir með þegjandi samþykki yfirvalda. Um þessa starfsemi hafa augnlæknar vitað og ekki gert athugasemd við.”

Augnlæknar benda á að margar kvartanir og kærur um augnskaða eftir notkun snertilinsa, sem ávísaðar hafa verið af sjóntækjafræðingum, hafa verið sendar landlæknisembættinu af augnlæknum.

Í “Samantekt” segir : “Það er einnig vitað að sjóntækjafræðingar á Íslandi hafa mælt fyrir gleraugum þótt lög standi til annars. Í febrúar 2003 auglýsti félag íslenskar sjóntækjafræðinga sjónmælingar og halda því fram að þeir hafi með því viljað vekja athygli á því að lögin nr. 17/1984 væri löngu orðin úrelt og þau marg brotin.”

Augnlæknar hafa marg itrekað við landlæknisembættið að hér hafi lög marg oft verið þverbrotin af sjóntækjafræðingum. Kæru og klögumál augnlækna vegna þessa hafa lítinn hljómgrunn fengið hjá landlæknisembættinu. Augnlæknar vilja undirstrika, ef landslög eru marg og þverbrotin rírir það ekki gildi laganna sem slíkra og gerir lögbrotinn ekki minni lögbrot þótt hann sé síbrotamaður. Þrátt fyrir að löggjafarvaldið sýni lögbrotinu lítinn áhuga gerir það ekki lögbrotið minna.

Í “Samantekt” segir : “Nokkuð er um að kvartanir berist til landlæknisembættisins um að mælingar fyrir gleraugum hafi ekki verið réttar og hafa þessar mælingar fyrst og fremst beinst að augnlæknum.”

Hér er rétt að minna á að þrátt fyrir lögbrot sjóntækjafræðinga hvað varða sjónmælingar, þá eru sjónmælingar í lang flestum tilvikum í höndum augnlækna, og er eðlilegt að einhverjar kvartanir berist frá einstaklingum sem eru að festa kaup á dýrum gleraugum eins og “progr. glerjum”. Grunur leikur á að sjóntækjafræðingar kvetji fólk til kvartana, enda gæti það leitt til lægri kostnaðar við gleraugnakaupin.

Í “Áliti” höfundar segir: “Nánari skilgreining á menntunarkröfum verði unnin í samráði við félag sjóntækjafræðinga” og í framhaldi “Sjóntækjafræðingur hafi þá fyrst leyfi til ávísunar á sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að hann hafi fengið til þess leyfi frá heilbrigðisráðherra eftir umsögn landlæknis og félags íslenskra sjóntækjafræðinga.

Augnlæknar lýsa furðu sinni á áliti og skoðun landlæknisembættisins að hvergi er ráðlagt eða bent á, í greinargerð þessari, að haft verði faglegt samráð við Augnlæknafélag Íslands og/eða prófessor í augnlækningum við Háskóla Íslands um undirbúning um breytt starfs svið sjóntækjafræðinga.

Í “Áliti” höfundar segir: “Sjóntækjafræðingar (úr hópi 2 og 3 að ofan, optometristar og optometristar með menntun varðandi snertilinsur) mega ekki láta frá sér fara sjónhjálpartæki án fyrirsagnar augnlæknis til eftirfarandi einstaklinga.”

1. Barna undir 12 ára að aldri.
2. Fólks sem aldrei hefur farið áður til augnlæknis til athugaunar á sjón.
3. Sjúklinga sem hafa skilgreindan augnsjúkdóm eða aðra kvilla sem skaðlegir gætu verið sjón, svo sem sykursýki.
4. Sjúklinga sem eiga nána ættingja með gláku.
5. Fólks sem náð hefur 55 ára aldri.
6. Fólks sem ekki hefði betri sjónskerpu en 6/12
7. Hafi sjón versnað skyndilega, séu takmarkanir á sjónsviði, sé einstaklingur rangeygður eða hafi tvísýni.

Augnlæknafélag Íslands vill sterklega undirstríka að eitt af aðalhlutverkum þess er að gæta vel að augnheilsu landsmanna á allan hátt.

Það er mat augnlækna að skerpa skuli enn frekar á um eftirfarandi ákvæði um takmarkanir sjóntækjafræðinga til sjónmælinga.

1. Barna undir 12 ára að aldri,
og barna með Dyslexiu (18 ára)
3. Sjúklinga sem hafa skilgreindan augnsjúkdóm eða aðra kvilla sem skaðlegir gætu verið sjón, svo sem sykursýki,
háþrýsting, skjaldkirtilssjúkdóm...

4. Sjúklinga sem eiga nána ættingja með gláku,
eins og foreldra, systkyni, afa og ömmu
5. Fólks sem náð hefur 55 ára aldri.
Fólks sem náð hefur 40 ára aldri.
6. Fólks sem ekki hefði betri sjónskerpu en 6/12.
Ekki eru ásettánleg viðmiðunarmörk 50% sjón eins og hér er talað um, 12-55 ára heilbrigt fólk á að hafa 100% sjón eða 6/6

Að lokum

Augnlæknafélag Íslands vill meina að stórt skref afturábak verður stigið, hvað varðar augnheilsu landsmanna, ef fyrirhuguð breyting á starfssviði sjóntækjafræðinga nær fram að ganga. Núverandi kerfi, þar sem unnið er eftir lögum nr. 17/1984, er eitt það besta og skilvirkasta sem til er í heiminum í dag hvað varðar eftirlit með augnheilsu almennings. Ef til kemur að lögum verði breytt að kröfum sjóntækjafræðinga þá verður að reikna með því að einhver fórnarkostnaður verði á augnheilsu landsmanna.

Við þessa breytingu mun aukinn kostnaður lenda á almenningi, fleiri ónauðsynleg gleraugu verða seld, þar sem fyrirsjáanlegt er að viðskiptalegir hagsmunaárekstrar verða ekki umflúnir hjá sjóntækjafræðingum. Eins og dæmin sýna.

Auka þarf nokkuð takmarkanir sjóntækjafræðinga til sjónlagsmælinga og ákveða þarf viðurlög ef þessum takmörkunum er ekki fylgt og þau vísvitandi brotin. Vitað er af fyrri reynslu að sjóntækjafræðingar túlka landslög eftir sínu höfði.

Ef þessar breytingar ná fram að ganga, þurfa sjóntækjafræðingar að halda "sjúkraskrá/skýrslu" yfir þá einstaklinga sem þeir sjónlagsmæla, til að fyllsta öryggis sé gætt hvað varðar gláku í ætt, sykursýki, háþrýsting, skjaldkirtilssjúkdóma, augnsjúkdóma almennt, sjónskerpu m.m.

Mikilvægt er að sjóntækjafræðingar sem hafi rétt til snertilinsumátunar sendi sjúklinga sína í eftirlit til augnlæknis árlega, til að fyllsta öryggis sé gætt hvað varðar augnheilsu þeirra.

Virðingarfyllt

Kristján Þórðarson, formaður Au-I

Þorkell Sigurðsson, gjaldkeri Au-I

Eydís Ólafsdóttir, ritari Au-I